

Um vöktun á kampýlóbakter í alifuglum og afurðum alifugla

Áður en ófrystum eða óhitameðhöndluðum sláturfurðir alifugla er dreift á markaði skal sýna fram á það með sýnatöku að ekki hafi greinst kampýlóbakter í framleiðslu.

Matvælafyrirtæki geta valið milli þriggja valkosta hvernig sýni eru tekin. Að minnsta kosti eitt af eftirfarandi sýnum skal tekið til að sýna fram á að í því hafi ekki greinst kampýlóbakter:

1. Sýni getur verið tekið úr eldishópi á eldistímanum, eða
2. Sýni getur verið tekið úr sláturhópi við slátrun, eða
3. Sýni getur verið tekið úr afurðum alifugla.

Rannsóknarniðurstöður skulu liggja fyrir áður en sláturfurðum er dreift á markaði.

Í [Landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt](#) kemur meðal annars fram með hvaða rannsóknaraðferðum sýni eru rannsökuð og hvernig niðurstöður eru túlkaðar.

Tvær ástæður geta verið fyrir því að taka sýni úr alifuglum við slátrun til vöktunar á kampýlóbakter.

1. Sbr. umfjöllun hér að ofan, ef ætlunin er að dreifa afurðum hópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum á markað, og/eða
2. Sýni tekin til að fylgjast með smitmagni kampýlóbakter í sláturskrokkum. Á árinu 2020 verða tekin sýni úr **öllum** sláturhópum **kjúklinga og kalkúna**.

Í þessum leiðbeiningum er sýnatökum úr alifuglum við slátrun lýst.

Svona skal sýni tekið

Safnsýnið er samsett úr 3 einstaklingssýnum af hálsaskinni. Það skal taka 3-5g af hálsaskinni af að minnsta kosti 3 fuglum sem eru valdir af handahófi og safnar hálsaskinum í nýtt, hreint ílát. Sýni eru tekin af skrokkum eftir kælingu. Safnsýnið þarf að vega að minnsta kosti 10g.

Nota má sama sýnið til rannsókna á salmonellu við slátrun samkvæmt Landsáætlun en þá skal sýnið tekið [samkvæmt þeirri lýsingu](#).

Safnsýnið er sent á [opinbera rannsóknastofu](#) ef rannsóknin fer fram hér á landi eða á erlenda rannsóknarstofu með faggildingu fyrir rannsóknaraðferðina ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- Sendandi sýnis, það er sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis og greiðandi sýnis, ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast: Kampýlóbakter – talning (skv. ISO staðli 10272-2:2017 eða öðrum sambærilegum greiningaraðferðum)
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps

- Alifuglategund

Sýnið skal geyma og flytja til opinberrar rannsóknarstofu við hitastig milli 1-8°C. Sýnið má ekki frjósa og skal það varið sólarljósi.

Að hámarki skulu líða 48 klst. frá töku sýnis þar til rannsókn hefst. Sýni sem hafa náð 0°C eða undir eru ekki hæf til rannsókna.

Sýnatökubúnaður

- Plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni / límmiðar
- [Eyðublað Matvælastofnunar](#) eða sambærilegt eigið rannsóknareyðublað
- Kælibox til sendingar

Þessar leiðbeiningar eru gefnar út í samræmi við [Landsáætlun um varnir og viðbrögð við kampýlóbakter í alifuglarækt](#).

Síðast uppfært: 20.12.2019